



## Fundargerð

**7. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árbogar, 3. janúar 2023, kl. 16:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar. Gestur Kristjánsson boðaði forföll.

### 1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

### 2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga

Farið var yfir aukafund Héraðsnefndar Árneseinga sem haldinn verður 10. janúar nk. í Ráðhúsi Árbogar kl.15:00. Lagt verður fyrir fundinn þá valkosti sem unnið hefur verið með. Um er að ræða Hafnarskeið 6 í Þorlákshöfn og Hellismýri 8 á Selfossi. Forsvarsmönnum beggja aðila hefur verið boðið á fundinn til að kynna sýna valkosti og svara fyrirspurnum. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að niðurstaða fái stöðu í húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins á fundinum.

### 3. Tryggingamál stofnana Héraðsnefndar

Formaður kynnti tilboð frá ráðgjafafyrirtækinu Consello um að fara yfir tryggingamál stofnana Héraðsnefndar. Árið 2019 var farið yfir tryggingamál stofnana og náðist góður árangur við þá vinnu. Formaður fór yfir tölvupósta frá forstöðumönnum um stöðu tryggingamála. Framkvæmdastjórn samþykkir að fela Consello að fara yfir tryggingamálin. Formanni falið að vinna málið áfram.

SS.

H.K.  
Allt

#### 4. Ráðningasamningur við Lýð Pálsson

Lögð voru fram drög að ráðningasamningi við Lýð Pálsson. Forstöðumann Byggðasafns Árnesing. Umræða var um ráðningasamninginn. Samþykkt er að fresta málinu og formanni framkvæmdastjórnar og fjárhaldsmanni falið að vinna málið áfram.

#### 5. Næsti fundur

Boðað verður til næsta fundar fljótlega eftir aukafund Héraðsnefndar.

Fundi slitið kl. 17:00

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helga Hjartmann  
Lisibjörg Guðmundsd.  
Sandra Sigurðard.  
Katrín Björnsdóttir